

Reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga

**Færsla eignarhluta sveitarfélaga í  
hlutafélögum og  
einkahlutafélögum  
í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga**



**Álit 1/2008**  
Janúar 2008

## Færsla á eignarhlutum sveitarfélaga í hlutafélögum og einkahlutafélögum.

### Forsaga

Óskað hefur verið eftir álitni nefndarinnar á hvernig fara eigi með bókfært verð eignarhluta í hlutdeildarfélagi þegar verið er að fara með félagið í opinbera skráningu.

Málavextir eru þeir að nokkurs misræmis hefur gætt í bókhaldslegri meðferð á eignarhlutum í félögum í ársreikningum sveitarfélaga. Dæmi eru um að sveitarfélag hefur fært eignarhlut sinn í óskráðu félagi á einskona markaðsverði, sem byggt var á verði í fáum viðskiptum, án þess að eiginlegur markaður væri um umrædd hlutabréf.

Með setningu reglugerðar nr. 944/2000 um bókhald og reikningsskil sveitarfélaga, var stigið stórt skref til framþróunar í bókhalds- og reikningsskilamálum sveitarfélaga. Teknar voru upp almennar reikningsskilaaðferðir í reikningsskilum sveitarfélaga og í fyrsta sinn hér á landi var sköpuð formleg umgjörð um fjárhagslegar upplýsingar sveitarfélaga. Samkvæmt reglugerðinni ber sveitarfélögum að meðhöndla og flokka tekjur og gjöld á sambærilegan hátt og setja fram fjárhagsáætlanir sínar, ársreikninga og aðrar fjárhagslegar upplýsingar með samræmdum hætti. Samræming reikningsskila sveitarfélaga er afar þýðingarmikil og forsenda fyrir raunhæfum samanburði á fjárhagslegum upplýsingum innbyrðis milli sveitarfélaga annars vegar og milli sveitarfélaga og fyrirtækja í einkarekstri hins vegar.

Í október 2001 tóku gildi nýjar reglur um reikningsskil sveitarfélaga. Með þeim var framsetningu ársreikninga sveitarfélaga og meðferð ýmissa þátta í bókhaldi og reikningsskilum þeirra breytt verulega. Tilgangurinn var að auka samræmingu í ársreikningum og fjárhagsáætlunum, gera raunkostnað einstakra rekstrareininga sýnilegri, meðal annars með aðgreiningu launakostnaðar frá öðrum kostnaði, og að gera skarpari skil milli daglegs reksturs sveitarsjóðs og reksturs fasteigna í eigu sveitarfélagsins.

### Efnisleg umfjöllun

Með reglugerð nr. 790/2001 voru settar fram ýmsar kröfur í þeim tilgangi að gera ársreikninga sveitarfélaga sem sambærilegasta. Í IV. kafla 9. gr. segir svo:

“Ársreikningur sveitarfélags skal gerður í meginatriðum í samræmi við almenna reikningsskilavenju, sbr. þó neðangreindar reglur í grein þessari.

Samstæða — samanlagður ársreikningur. Sem B-hluta fyrirtæki í samstæðu skal tilgreina félög þar sem eignarhlutur sveitarfélagsins er hærri en 50% og um skyldan rekstur við starfsemi sveitarfélagsins er að ræða. Hlutdeild minnihluta í rekstri og eigin fé skal tilgreina sérstaklega nema um óverulegar fjárhæðir sé að ræða.

Hafi sveitarfélag stofnað félög um verkefni sín þá eiga slík fyrirtæki að flokkast sem B-hluta fyrirtæki í samstæðu. Sama gildir um byggðasamlög. Gjaldfæri aðalsjóður framlag



til byggðasamlags er ekki nauðsynlegt að taka slík samlög inn í samstæðu nema um verulegar skuldbindingar sé að ræða. Skuldbindingar skulu alltaf vera tilgreindar í skýringum.”

Í aðalsjóði skal færa hlutafjáreign á kostnaðarverði. Ekki er færð hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага þar sem í reikningsskilum aðalsjóðs og annarra A-hluta stofnana er fyrst og fremst verið að draga fram ráðstöfun skatttekna. Í aðalsjóð færast ekki hlutdeild í afkomu B-hluta fyrirtækja.

Um dóttur- og hlutdeildarfélög í eigu B-hluta fyrirtækja fari eftir settum reikningsskilareglum.

#### **Niðurstaða**

Í samræmi við framangreind ákvæði reglugerðar nr. 790/2001 ber sveitarfélögum að færa hlutabréfaeign á kostnaðarverði hjá sveitarsjóði; A-hluta.

Um dóttur- og hlutdeildarfélög í eigu B-hluta fyrirtækja fari eftir almennum reikningsskilavenjum.

